

## **Aðalfundur Farsæls, félags smábátaeigenda Vestmannaeyjum,**

**haldinn 30. september 2019**

Tilögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundur Farsæls hvetur sjávarútvegsráðherra að setja reglur sem tryggi að markaðslögmál ráði í krókaflamarksviðskiptum. Augljós markaðsbrestur er þegar langtíma skortur er á veiðiheimildum, óháð verði. Tryggja verður að kvótalitlir, kvótalausir og nýliðar geti haft eðlilegan aðgang að veiðiheimildum þar sem verð aðila mætist í jöfnuði framboðs og eftirspurnar.
2. Aðalfundur Farsæls leggur til að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát er heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. apríl til 30. september. Hámarksafli á dag verður óbreyttur. Heimilt er að róa á öllum dögum vikunnar nema föstudögum og laugardögum.
3. Aðalfundur Farsæls lýsir stuðningi við núverandi svæðaskiptingu og hafnar hugmyndum um opnun milli svæða á strandveiðum.